

6. gr.

Árlega má veita úr sjóðnum upphæð, sem nemur vöxtunum af höfuðstól hans eins og þeir voru næsta ár á undan. En sé vöxtunum ekki að fullu ráðstafað á þann hátt, leggjast eftirstöðvar vaxtanna við höfuðstól sjóðsins ásamt gjöfum, sem sjóðnum berast.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

G J A L D S K R Á

Rafveitu Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss.

I. RAFORKA

Rafveitur Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss selja raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

1. Lýsing.

1.1. Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	kr.	51.00 á kWst.
1.2. Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	15.30 á kWst.
Fastagjald af gólfleti í rúmi því er lýsa skal, mælt innan útveggja: Verðslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	260.00 á m ² á ári
Geymslur og gangar þeim tilheyrandi	—	96.00 á m ² á ári
1.3. Til götulýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	15.30 á kWst.
1.4. Til nota um vinnulagnir, meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	25.50 á kWst.

2. Almenn heimilisnotkun o. fl.

2.1. Til heimilisnotkunar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	kr.	11.60 á kWst.
--	-----	---------------

- Fastagjald af hverju herbergi — 1 038.00 á ári
 Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi 5 m² eða minna reiknast hálf, en 25 m² eða stærra tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m² má reikna með þeirri meðalstærð.
- 2.2. Til matargerðar í gisti- og veitingastöðum og öðrum slíkum stöðum; ennfremur súgþurrkunar, enda séu öll tæki fasttengd, um kWst.-mæli:
 Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 Orkugjald — 11.60 á kWst.

3. Vélanotkun o. fl.

- 3.1. Um kWst.-mæli:
 Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 Orkugjald kr. 25.50 á kWst.
 Heimilt er að selja raforku til lýsingar eftir þessum gjaldskrárlíð. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlíð 1.2., en þriðjungi lægra.
- 3.2. Um afl- og orkumæla:
 Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 Orkugjald — 3.95 á kWst.
 Aflgjald, lágmark 2 kw. — 39 870.00 á ári
 Aflgjald, unfram 2 kw. — 13 290.00 á kw á ári
 Gjaldskyld afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.
 Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrirtækja eftir þessum gjaldskrárlíð. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlíð 1.2 og lágmarksaflgjald af 20 kw.
- 3.3. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig um kWst.-mæli:
 Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 Orkugjald — 3.95 á kWst.
 Aflgjald, lágmark 2 kw. — 34 410.00 á ári
 Aflgjald, af uppsettum kw. í málaun véla — 10 560.00 á kw. á ári
 Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 getur rafveitan krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum hjá notendum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

4. Hitun.

- 4.1. Til húshitunar, hitunar í vatnsgeymum, gufukötlum o. þ. h., roftími 1 klst. á dag. Um kWst.-mæli:
 Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 Orkugjald kr. 7.10 á kWst.

4.2. Til húshitunar, roftími $2 \times 1\frac{1}{2}$ klst. á dag. Um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	2.97 á kWst.
4.3. Til húshitunar, roftími allt að 15 klst. að degi til. Um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	1.78 á kWst.
4.4. Til bókunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími allt að 11 klst. að degi til. Um kWst.-mæli: Orkugjald	—	3.48 á kWst.

Um framangreinda gjaldskrárlíði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1800 klst. notkun á hvert KW. uppsetts afsl hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
- Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim samkvæmt gjaldskrá.
- Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrir mælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða mælaleigu sem hér segir:

- Af einfasa kWst.-mælum 40 A og minni kr. 830.00 á ári
- Af þrífasa kWst.-mælum 50 A og minni — 1 836.00 á ári
- Af þrífasa kWst.-mælum yfir 50 og til 100 A — 2 086.00 á ári

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, ennfremur klukkurofum, skal ársleigan vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/málraun	Heimtaugargjald kr.	Yfirlengdargjald,	
		jarðstrengur kr./m.	loftlína kr./stólpa
63 A 1-fasa	65 080	2 130	22 650
63 A 3-fasa	70 420	2 130	27 640
100 A 3-fasa	83 760	2 390	35 340
200 A 3-fasa	134 980	3 230	
315 A 3-fasa	281 400	4 510	
300 KVA 3-fasa	393 960	Samkv. kostn.	
500 KVA 3-fasa	652 780	—	
800 KVA 3-fasa	1 044 870	—	

Yfirlengdargjald miðast við, jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m. og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Legnd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum eða næsta útitingiskáp að stofnvarkassa (eða stofntengikassa) hússins. Rafveita ákveður legu heimtaugar.

Í nýjum byggingarhverfum er rafveitunni heimilt að jafna yfirlengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauga.

Þegar stækka þarf spennu eða heimtaug vegna tiltekens notanda, skal hann greiða mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekens notanda, og hún að mestu leyti notuð í þágu hans, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greitt sem hér segir:

63 A 1-fasa	kr. 14 200
63 A 3-fasa	— 19 400

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt kostnaði.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Ýmis ákvæði.

Lægsta gjald fyrir raforkunotkun um heimtaug skal vera kr. 7 300 á ári. Mismun á ársnotkun og lægsta gjaldi ef einhver er, skal innheimta á fyrra helmingi næsta árs.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 000.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt gjald kr. 1 000 til rafveitunnar.

Söluskattur, verðjöfnunargjald og önnur slík lögskyld gjöld eru innifalin í gjaldskránni, nema af seldri raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi 1. janúar 1977, samanber auglýsingu ráðuneytisins nr. 437 30. desember 1976 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Rafveitu Eyrarbakka, Stökkseyrar, Hveragerðis og Selfoss nr. 292 27. júlí 1976.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.